



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2022

Mai 2023

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3	Samstarfsverkefni	10
Hlutverk Jafnréttisstofu	4	Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu	10
Fjárhagur	5	Fjölbreytni í fyrirrúmi	10
Starfsfólk	5	Meinlaust?	10
		Fleiri konur í sveitarstjórnir, Játak	10
		Share the care	10
Eftirlit	6	Kynjajafnrétti á norðurslóðum	10
Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting	6	Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal	10
Jafnréttisáætlanir	7	Konur gára vatnið	10
Skýrslur og samantektir	7		
		Samstarfshópar	11
Ráðgjöf og aðstoð	7	Stýrihópur forvarnaáætlunar	11
Erindi frá einstaklingum	7	Ofbeldi og mansal	11
Umsagnir um þingmál	7	Framkvæmd Istanbúl-samningsins	11
		Starfshópur um kyngreinda tölfræði	11
Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir	8	NING – Norrænt upplýsinganet um kyn	11
Innkomin erindi	8	Velferðarvaktin	11
Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga	8	Stjórn Jafnréttissjóðs	11
Fundur norrænna jafnréttisumboða	8	Starfshópur um landsáætlun um innleiðingu	
Kynningarfundur um jafnlaunastaðfestingu	8	Istanbúl-samningsins	11
KÁ - vitinn	9	Starfshópur gegn hatursorðræðu	11
		Þverfagleg ritstjórn v. félagslegs vinnuumhverfis	11
Útgáfa	9	Starfshópur sem falið er að móta tillögur	
Vefsíðan jafnretti.is	9	að framtíðarfyrikomulagi vegna ofbeldis	11
Réttur þinn	9	Landsáætlun um réttindi fatlaðs fólks	11
Viðburðadagatal	9		
Námskeið fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu	9		

Ávarp framkvæmdastjóra

Mikil gróska var í starfsemi Jafnréttisstofu á árinu 2022 og einkenndist starfsemin af allmiklum fjölbreytileika í verkefnum.

Strax í ársbyrjun fór í gang vitundarvakningin #Jáatak sem var hvatning til framboða til sveitarstjórna um að standa vörð um jafnan rétt kynja og stilla upp listum sem sýndu fjölbreytt litróf mannlífsins. Á síðari hluta ársins var svo vitundarvakningunni Meinlaust? hleypt af stokkunum. Tilgangurinn var að vekja athygli á birtingarmyndum kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni í samfélaginu. Báðar þessar vitundarvakningar vöktu mikla og verðskuldaða athygli.

Fyrsta jafnlaunastaðfesting Jafnréttisstofu var veitt í febrúar en mikill undirbúningur var af hálfu stofnunarinnar við að setja upp ferla, viðmið, stuðningsefni, fræðslu og eyðublöð í þjónustugátt vegna þessa nýja verkefnis. Í þeirri vinnu var áhersla lögð á þróun verkfæra sem væru styðjandi við umsækjendur með það að markmiði að auka líkurnar á góðum umsóknum þar sem gögn væru vel útbúin og uppfylltu kröfur.

Eftirlit með því að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu kallaði á mikið utanumhald. Jafnréttisstofa sendi tæplega sjöhundruð aðilum bréf til að fylgja lagaskyldunni eftir.

Á síðustu árum hefur verið töluvert um lagabreytingar í þeim málaflokkum sem starfsemi Jafnréttisstofu snýst um. Nú síðast samþykkti Alþingi breytingu á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjófnerisuppruna utan vinnnumarkaðar þannig að þau ná nú til sömu mismununarþátta og lög um jafna meðferð á vinnnumarkaði.

Samstarf út fyrir stofnunina er faglega mikilvægt og átti Jafnréttisstofa fulltrúa í allmörgum samstarfshópum á árinu. Á undanförunum árum hafa orðið miklar framfarir í rafrænum fundahöldum sem koma sér vel fyrir stofnanir sem staðsettar eru utan höfuðborgarsvæðisins og auka möguleika þeirra á samstarfi af þessu tagi. Það er þó auðvitað líka mikilvægt að hitta fólk augliti til auglitis og því var gleðilegt að geta hýst þrjá fjölþjóðlega fundi sem áður hafði verið frestað vegna heimsfaraldurs.

Jafnréttisstofa sýndi áfram góðan árangur í könnuninni Stofnun ársins og varð í 3. sæti á heildarlistanum fyrir árið 2022 og hefur því heimild til að skarta titlinum fyrirmyndarstofnun.

Og meira af starfsmannamálum. Starfsfólk Jafnréttisstofu átti þess kost, fyrir tilstilli styrkja frá starfsmenntasjóðum, að fara saman í náms- og kynnisferð til Strassborgar á haustdögum. Það er óhætt að segja að fundir með fulltrúum jafnréttissviðs Evrópuráðsins sem og starfsfólki Mannréttindadómstóls Evrópu hafi veitt mikla innsýn og kveikt hugmyndir.




Katrín Björg Ríkarðsdóttir,
framkvæmdastjóri

Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018.

Hlutverk Jafnréttisstofu er skilgreint í 4. gr. laga um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020. Verkefni sem stofnunin annast á grundvelli laga um jafnréttismál eru að:

- Hafa eftirlit með framkvæmd laganna
- Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála
- Veita ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála
- Koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að auknu jafnrétti, t.d. um sértækar aðgerðir á sviði jafnréttismála
- Hvetja til virkrar þátttöku á sviði jafnréttismála, m.a. aukinnar aðkomu karla að kynja- og jafnréttisstarfi,
- Fylgjast með þróun jafnréttismála í samfélaginu, svo sem með upplýsingaöflun og úttektum og hafa frumkvæði að því að gerðar verði skýrslur, kannanir eða rannsóknir á sviði jafnréttismála,
- Vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna,
- Vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði; sérstök áhersla skal lögð á að vinna gegn launamisrétti á grundvelli kyns, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna,
- Leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna, ef Jafnréttisstofa telur tilefni til,
- Vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla sem og neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu,
- Hafa umsjón með umsýslu jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar, sbr. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, annast eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu, sbr. 10. gr. sömu laga, og veita jafnlaunastaðfestingu, sbr. 8. gr. sömu laga,
- Vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.



Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	142.381.593
Sértekjur	11.076.460
Flutt frá fyrra ári (verkefnastyrkur)	17.505.980
Laun og launatengdur kostnaður	125.912.468
Húsnæði	13.343.266
Annar kostnaður	26.846.639
Niðurstaða ársins	4.635.239

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Ráðningarár
Anna Lilja Björnsdóttir	Sérfræðingur	2021
Arnfríður Aðalsteinsdóttir	Sérfræðingur	2008 (í leyfi mars-des 2022)
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir	Sérfræðingur	2013-2015, 2021
Hjalti Ómar Ágústsson	Sérfræðingur	2018-2019, 2020
Jón Fannar Kolbeinsson	Lögfræðingur	2018
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	Framkvæmdastjóri	2000-2003, 2017
Kristín Ólafsdóttir Önnudóttir	Sérfræðingur	2018
Tryggvi Hallgrímsson	Sérfræðingur	2009 (í leyfi júní-des 2022)
Úlfhildur Jóna Ásdísar Þórarinsdóttir	Rekstrarstjóri	2017


Eftirlit

Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting

Jafnréttisstofa annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu og heldur skrá yfir fyrirtæki sem öðlast hafa jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Á árinu 2022 náði lagaskyldan til 1094 fyrirtækja og stofnana.

Jafnlaunavottun: Skrifleg yfirlýsing vottunaraðila sem veitt er með jafnlaunavottunarskírteini, að undangenginni úttekt hans á jafnlaunakerfi fyrirtækis eða stofnunar, um að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012, sbr. 1. gr. c staðalsins.

Jafnlaunastaðfesting: Staðfesting Jafnréttisstofu sem veitt er fyrirtæki eða stofnun þar sem 25-49 starfa að jafnaði á ársgrundvelli að undangengnum skilum fyrirtækisins eða stofnunarinnar á gögnum um að jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar og framkvæmd þess uppfylli kröfur 2. mgr. 8. gr.




Umsóknir 2022	Þar af afgreiddar
46	23

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli setji sér jafnréttisáætlanir sem gilda til þriggja ára. Jafnréttisáætlanir öðlast gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt þær.

Innsendar áætlanir 2022	Þar af afgreiddar
194	193



Skýrslur og samantektir

[Skýrsla Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2021](#)

Ráðgjöf og aðstoð

Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 42 beiðnir um ráðgjöf frá einstaklingum sem töldu á sér brotið skv. þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með.

Almennt	19
Fötlun og skert starfsgeta	6
Kyn	14
Kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning	2
Kynþáttur og þjóðernisuppruni	1

Umsagnir um þingmál

Tvær umsagnir um þingmál voru sendar Alþingi.

Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

Innkomin erindi


Skráð voru 68 mál sem varða upplýsingaöflun, fræðslu og forvarnir sem leitað var til Jafnréttisstofu með.

Almennt	56
Kyn	11
Kynþáttur og þjóðernisuppruni	1



Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga

Árlegur fundur Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga með sveitarfélögum var haldinn á Akureyri 15. september. Fundurinn var helgaður áætlunum sveitarfélaga um jafnréttismál en breyttar kröfur eru nú gerðar í samræmi við lög um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020. Fundurinn var vel sóttur, þátttakendur voru 61 í heildina, 12 karla og 49 konur.



Fundur norrænna jafnréttisumboða

Jafnréttisstofa var gestgjafi fundar norrænna jafnréttisumboða sem haldinn var dagana 5. og 6. maí. Um er að ræða árlegan fund sem umboðin halda til skiptis. Fundurinn var afar vel sóttur og voru þátttakendur alls 27 og komu fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Dagskráin samanstóð af kynningum umboðanna, samtali milli þátttakenda og fyrirlestrum frá fræðafólki. Stofnanirnar kynntu það sem efst er á baugi hjá þeim og var sérstök umræða um þau málefni sem helst brunnu á. Má þar nefna löggjöf um réttindi hinsegin fólks, kynjaskiptan vinnumarkað og meðferð einstaklingsmála.



Þátttakendur á fundi norrænna jafnréttisumboða.

Kynningarfundur um jafnlaunastaðfestingu

Kynningarfundur um jafnlaunastaðfestingu fyrir ráðgjafa var haldinn í nóvember í þeim tilgangi að kynna hvað felst í jafnlaunastaðfestingu og þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja og stofnana um gagnaskil. Fundurinn var haldinn á Teams. Þátttakendur voru 12.



KÁ - vitinn

Nýtt námskeið, KÁ - vitinn fyrir vinnustaði, fræðsla gegn kynferðislegri áreitni var útbúið á árinu og fór fyrsta fræðslan fram í september. Markmið fræðslunnar er að starfsfólk og stjórnendur þekki birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegrar áreitni og fái verkfæri til að vinna gegn slíkri hegðun. Lögð er áhersla á aukna vitund og kynntar leiðir sem vinnustaðir geta nýtt sér til að búa til betra starfsumhverfi og opnari umræðu um málefnið. Sérstök áhersla er einnig lögð á ábyrgð stjórnenda og mikilvægi góðrar vinnustaðamenningar.



Námskeið fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu

Á haustdögum var farið að bjóða upp á regluleg námskeið fyrir umsækjendur um jafnlaunastaðfestingu. Farið er yfir grunnatriði til að uppfylla skilyrði þess að öðlast jafnlaunastaðfestingu. Einnig er farið yfir kröfur um gagnaskil, innihald gagna og mat Jafnréttisstofu á gögnum. Sérstök áhersla er lögð á starfaflokkun og launagreiningu. Námskeiðin eru haldin á Teams. Fjöldi umsækjenda sem sóttu námskeið voru 22.



Útgáfa

Vefsíðan jafnretti.is

Á vefsíðu Jafnréttisstofu voru birtar 34 fréttir og 3 greinar. Mikil vinna var sett í uppfærslu leiðbeininga um gerð áætlana sveitarfélaga um jafnréttismál og útbúin myndbönd og verkfærakista. Þá voru einnig gerðar leiðbeiningar, myndbönd og gátlistar sem lúta að jafnlaunastaðfestingu og þeim gögnum sem skila þarf til Jafnréttisstofu.

Einnig voru gerðar leiðbeiningar og myndband um gagnaskil í gegnum þjónustugátt Jafnréttisstofu.

Réttur þinn

Bæklingurinn Réttur þinn - mikilvægar upplýsingar fyrir innflytjendur á Íslandi var endurútgefinn. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, tailensku, rússnesku, arabísku og frönsku. Í honum er fjallað um réttindi fólks á Íslandi þegar kemur að nánnum samböndum og samskiptum. Hægt er að panta bæklinga hjá Jafnréttisstofu eða nálgast rafræna útgáfu á vef stofnunarinnar.

Viðburðadagatal

Í upphafi árs bættum við við viðburðadagatali á heimasíðuna. 59 viðburðir voru birtir á árinu 2022.

Samstarfsverkefni

Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu

Verkefninu Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu lauk á árinu með útgáfu skýrslunnar [Úttekt á stöðu og tækifærum kvenna á vinnumarkaði í dreifbýli: Viðtalskönnun 2020-2021](#) (2022)

Verkefnið var hluti af Byggyðaaætlun.

Fjölbreytni í fyrirrúmi


Vinna við Erasmus+ verkefnið Fjölbreytni í fyrirrúmi (e. Diversity Inside Out) í samvinnu við hollenska aðila hélt áfram. Verkefnið miðar að því að mæta þörfum vinnumarkaðarinnar með því að auka vitund um nauðsyn fjölbreytts vinnuafns og veita tækifæri til að hlúa að sköpunarkrafti og nýsköpun þar sem fjölbreytt sjónarmið eru virt og metin að verðleikum. Verkefninu mun ljúka á árinu 2023.

Meinlaust?

Vitundarvakningin Meinlaust? var lokaáfangi verkefnisins Karlar og #églika sem unnið var í samræmi við framkvæmdaaætlun í jafnréttismálum. Vitundarvakningunni er ætlað að vekja athygli á birtingarmyndum kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni í samfélaginu og fá fólk til að opna augun fyrir sambandi á milli slíkrar hegðunar og hugmynda um karlmennsku, mörk og samþykki.

Heildarbirtingar: 584.897

Dekkun á markhóp var um 83% - 163.873 manns



Fleiri konur í sveitarstjórnir, Játak

Byggyðaaætlunarverkefnið Fleiri konur í sveitarstjórnir gekk út á það að tryggja jöfn kynjahlutföll í sveitarstjórnnum eftir sveitarstjórnarkosningarnar voruð 2022. Hvatningarátak, Játak, fór í birtingu í ársbyrjun og fékk góða athygli.

Birtingar- og áhorfstölur:

Youtube:

• Auglýsingin birtist 770 þúsund sinnum og heildaráhorf var 94.400

Facebook og Instagram

• Auglýsingar birtust rúmlega 1,5 milljón sinnum og náði til 160 þúsund manns sem var innan markhópsins okkar



Share the care

Jafnréttisstofa er í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og rannsóknarstofnanir á Norðurlöndunum um verkefnið Share the care sem hlaut styrk úr Norræna kynjajafnréttissjóðnum. Tilgangur verkefnisins er að auka fjölda karla sem skrá sig og útskrifast úr hjúkrunarfræði. Verkefnið byggir á verkefninu Karlar í hjúkrun sem sömu aðilar unnu að.

Kynjajafnrétti á norðurslóðum

Frá árinu 2013 hefur Jafnréttisstofa unnið með Norðurslóðanetinu o.fl. að verkefninu Kynjajafnrétti á norðurslóðum. Verkefnið er nú í fasa 4 sem að mestu leyti snýst um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi Norðurskautsráðsins til þess að tryggja að sjónarmið kynjanna, framlög, þekking og afleiðingar allra fyrirhugaðra aðgerða fyrir fólk af öllum kynjum séu metin á fullnægjandi hátt.

Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal

Jafnréttisstofa hefur tekið þátt í Samráðsvettvangi um jafnlaunakerfi í Portúgal undanfarin ár. Ráðuneyti vinnumarkaðsmála í Portúgal stýrir verkefninu sem hefur það að markmiði að þróa jafnlaunakerfi á portúgölskum vinnumarkaði. Jafnréttisstofa skipulagði og hélt utan um vinnufund í verkefninu í október þar sem farið var yfir reynslu íslenskra fyrirtækja af innleiðingu jafnlaunastaðals.



Konur gára vatnið

Erasmus+ verkefninu Women Making Waves, Konur gára vatnið lauk í september. Verkefnið snerist um að hanna og þróa námskeið fyrir konur sem hafa áhuga á að komast til áhrifa í atvinnulífinu. Byggyðastofnun var samstarfsaðili Jafnréttisstofu ásamt aðilum í Bretlandi, Grikklandi og á Spáni. Lokaráðstefna var haldin á Akureyri í maí.

Samstarfshópar

Stýrihópur forvarnaáætlunar

Á árinu 2021 skipaði forsætisráðherra stýrihóp um framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025. Fulltrúi Jafnréttisstofu í hópnum er varaformaður. Markmið með starfi stýrihópsins er að koma á samhæfðum vinnubrögðum, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar.

Ofbeldi og mansal

Jafnréttisstofa er einn af samstarfsaðilum Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins við vinnslu fræðslumyndbanda fyrir trúnaðarmenn. Annars vegar er um að ræða myndband um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis með áherslu á hlutverk vinnustaða og samstarfsfólks í að skilja og bregðast við merkjum um heimilisofbeldi. Hins vegar verður lögð áhersla á fræðslu um mansal.

Framkvæmd Istanbúl-samningsins

Dómsmálaráðuneytið setti á árinu 2021 á stofn starfshóp um landsáætlun um innleiðingu Istanbúl-samningsins. Starfsmaður Jafnréttisstofu er varafulltrúi í hópnum f.h. forsætisráðuneytisins.

Starfshópur um kyngreinda tölfræði

Jafnréttisstofa á fulltrúa í hópnum sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra á árinu 2020. Markmið með vinnu hópsins er að bæta yfirsýn yfir kyngreind tölfræðigögn og stuðla að því að sófnun og notkun á kyngreindum tölfræðigögnum hjá opinberum aðilum verði gerð með sambærilegum hætti. Þá er hópnum falið að vinna handbók eða annars konar leiðbeinandi efni um kyngreinda tölfræði.

NING – Norrænt upplýsinganet um kyn

Jafnréttisstofa á aðild að norrænu upplýsinganeti um kyn (NING) sem m.a. heldur úti viðburðadagatalinu GenderKalenderN.

Velferðarvaktin

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfsvettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.

Stjórn Jafnréttissjóðs

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður til þess fjármagna og styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna. Forsætisráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og á Jafnréttisstofa fulltrúa í stjórn.

Starfshópur um landsáætlun um innleiðingu Istanbúl-samningsins

Í samræmi við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp um innleiðingu landsáætlunar um framfylgd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúl-samningsins). Starfsmaður Jafnréttisstofu er varafulltrúi í hópnum f.h. forsætisráðuneytisins.

Starfshópur gegn hatursorðræðu

Forsætisráðherra setti á laggirnar starfshóp gegn hatursorðræðu sem hefur það meginhlutverk að skoða hvort stjórnvöld skuli setja heildstæða áætlun um samhæfðar aðgerðir stjórnvalda gegn hatursorðræðu. Jafnréttisstofa á fulltrúa í starfshópnum.

Pverfagleg ritstjórn v. félagslegs vinnuumhverfis

Jafnréttisstofa á fulltrúa í þverfaglegri ritstjórn á vegum Vinnu- eftirlitsins sem hefur það hlutverk að vera til ráðgjafar um áherslur og framsetningu efnis fyrir félagslegt vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Starfshópur sem falið er að móta tillögur að framtíðarfyrirkomulagi vegna ofbeldis

Félags- og vinnumarkaðsráðherra setti á stofn starfshóp sem taka á til skoðunar hvernig háttá megi laga- og reglugerðarumhverfi þjónustu vegna ofbeldis og skila tillögum til ráðherra þar um. Starf hópsins hefur skírskotun í IV. kafla Istanbúl-samningsins. Jafnréttisstofa á fulltrúa í starfshópnum.

Landsáætlun um réttindi fatlaðs fólks

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið leiðir gerð landsáætlunar um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Settir hafa verið upp verkefnahópar og á Jafnréttisstofa fulltrúa í verkefnahópi um greinar 5-7 í samningnum sem fjalla um jafnrétti og bann við mismunun, fatlaðar konur og fötluð börn.



Jafnréttisstofa · Borgum v/ Norðurlóð · 600 Akureyri
460 6200 · jafnretti@jafnretti.is · www.jafnretti.is